

## SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Verkefni mótanefndar s.l. veturn voru niðurröðun leikja og umsjón með íslandsmóti og Bikarkeppni, en Skólamót KKÍ var að þessu sinni í umsjá framkvæmdarstjóra.

Á íslandsmótinu 1985 var keppt í 14 flokkum og sendu 26 félög 119 lið til keppni. Láta mun nærri að leikir mótsins hafi verið um 640. Mótið hófst 5. okt. og síðustu leikir þess fóru fram 12.apríl s.l.

Í Bikarkeppninni 1985 var keppt í 6 flokkum. 50 lið frá 15 félögum tóku þátt í mótinu og leikir urðu alls 43. Úrslitaleikir m.fl. karla og kvenna fóru fram 28.mars.

Mótanefnd kom fyrst saman 7.ág. og lagði drög að starfi vetrarins. Haldnir voru vikulegir fundir og vandamál tekin fyrir jafnóðum og upp komu. Alls voru fundir nefndarinnar 35.

Nefndin setti sér það mark í byrjun að keppnistímabilinu lyki fyrir marslok í ár og munaði þar litlu, þrátt fyrir margvislega erfiðleika og ber þar hæst verkfall opinberra starfsmanna í október-mánuði. Fresta varð um 30 leikjum í íslandsmótinu og Bikarkeppninni seinkaði um mánuð af þessum sökum.

Í öllum mótum þarf að fresta leikjum og liggja þar að baki ýmsar ástaður og er þá ekki verið að ræða um sérstök tilfelli eins og verkfölli. Fjórar þær helstu eru:

Í fyrsta lagi samgöngutruflanir af völdum veðurs. Þetta hefur ekki verið vandamál í veturn. Einstakt tiðarfar hefur létt störf nefndarinnar verulega. Í óðru lagi er þátttaka liðs drægin til baka ýmist í byrjun móts eða eftir að móti er hafið. Að sjálfsögðu skapar þetta vanda en við þessu

er ekkert svar. Í þriðja lagi yfirsést mótanefnd við niðurröðun leikja. Nefndin reyndi við niðurröðun leikja íslandsmóts að taka tillit til flestra þeirra atriða er orsókuðu frestanir á s.l.ári, og jafnframt að reyna að verða við beiðnum ýmissa utanþærjarliða varðandi leiki þeirra. Samt sem áður varð að fresta nokkrum leikjum af þessum ástæðum. Í fjórða og síðasta lagi freastast leikir vegna þess að félög sinnir ekki umsjónarskyldu sinni. Því miður er þetta enn of algengt og var þó reynt af hálfu nefndarinnar að fylgjast vel með.

Sem refsing við slikri vanrækslu er í dag sekt að upphæð kr. 250.00. Slikt ákvæði hefur ekki tilætluð áhrif. Mótanefnd vill benda á þann möguleika að refsa umsjónaraðila sem bregst umsjónarskyldu sinni og sem jafnframt er hlutaþeigandi að leik með því að leikurinn dæmist þessum aðila tapaður. Efalaust yrði slik refsing til þess að fakka frestuðum leikjum af þessum sökum.

Í heild er ekki hægt að segja að upp hafi komið á tímabilinu nein illleysanleg vandamál við framkvæmd móttanna. Þótt útlitið hafi stundum verið dökkt.

Mótanefnd vill þakka góða samvinnu við forráðamenn aðildarfélaga og umsjónarmenn þeirra íþróttahúsa þar sem leikir móttanna fóru fram. Að lokum vill nefndin fára framkvæmdarstjóra KKI Kolbrúnu Jónsdóttur sérstakar þakkir fyrir mikla og góða aðstoð við störf nefndarinnar í vetur.

=====

Hér fara á eftir úrslit í einstökum flokkum íslandsmóts og Bikarkeppni 1985.

Íslandsmót.

Gunnar Gunnarsson

Bórdís Anna Kristjánsdóttir